

Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Leikmannsamningar við fall um deild–

Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:

Gr. 14.14:

Greinin hljóðar svo:

“Ef félag fellur niður í 2. deild karla eða 1. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.”

Greinin hljóði svo:

“Falli félag um deild þannig að það leiki ekki á næsta keppnistímabili í Pepsi-deild eða 1. deild, skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.”

Greinargerð:

Þessi breytingartillaga er í samræmi við breytingartillögu við gr. 14.5.

Stjarnan